

189
29. des.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Leggja skal $\frac{1}{5}$ hluta vaxta við höfuðstólinn, en $\frac{4}{5}$ hluta þeirra skal árlega varið til bóka-kaupa handa sjóðnum. Þá er sjóðurinn er orðinn 20000 krónur, skal öllum vöxtunum árlega varið til bóka-kaupa.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð yfirlækninum og yfirhjúkrunarkonunni í Viðihlíð á Kleppi.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, rita í hana skipulagsskrá þessa og allar samþykktir varðandi sjóðinn, svo og ársreikning hans.

8. gr.

Stjórninni ber að varðveita verðbréf sjóðsins og hafa eftirlit með bókaeign hans, enda skal færð skrá yfir hana.

9. gr.

Ársreikning sjóðsins skal birta í árbók rikisspítalanna eða í Lögbirtinga-blaðinu.

10. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita staðfestingar.

11. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

190
4. des.

AUGLÝSING

um notkun heimildar laga nr. 54 12. október 1944, um að innheimta ýmis gjöld með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 54 12. október 1944 og innheimta til ársloka 1945 með 40% viðauka vitagjald, þær aukatekjur rikissjóðs, sem eru taldar í lögum nr. 27 27. júní 1921 I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald.

Viðaukinn reiknast á þann hátt, sem segir í 2. gr. nefndra laga.

Fjármálaráðuneytið, 4. desember 1944.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.